



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.142 Málsmr 1801006, haldinn á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri, þriðjudaginn 11. desember 2018 klukkan 15:00.

Mætt eru til fundar Jón Hrafn Karlsson formaður nefndarinnar, Gústaf B. Pálsson og Kristbjörg Hilmarsdóttir. Bjarki Guðnason og Davíð Andri Agnarsson boða forföll. Katrín Gunnarsdóttir 1. varamaður D-lista mætir í stað Bjarka, ekki náðist í varamann fyrir Davíð. Einnig er mætt Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Margrét Ólafsdóttir er mætt fyrir hönd skipulagsfulltrúa á skype. Gestur fundarins er Tryggvi Þór Herbertsson. Formaður býður fundarmenn og gest velkomin.

Formaður óskar eftir breytingu á dagskrá að við bætist umsókn um stöðuleyfi frá Gísla Halldóri Magnússyni sem yrði liður nr. 7.

Dagskrárbreyting samþykkt. Fundurinn hefst á kynningu frá Tryggva Þór Herbertssyni á verkefnum Quadran International.

1. 1811015 Tungulækur byggingarleyfi.

Sótt um byggingarleyfi fyrir nýtt veiðihús sem á að standa vestan við heimreiðina að Tungulæk, um 122 m frá Meðallandsvegi (204).

Byggingarfulltrúa falið að óska eftir ítarlegri gögnum. Málinu frestað til næsta fundar.

2. 1812001 Umsókn um stöðuleyfi fyrir mælimastur í landi Grímsstaða.

Sótt um stöðuleyfi fyrir rannsóknarmastur í landi Grímsstaða fyrir hönd Quadran Development Iceland ehf.

Skipulagsnefnd þakkar Tryggva kynningu á verkefnum. Fyrirhugað er að setja upp mastur vegna rannsókna um mögulega vindorkunýtingu í Meðallandi í landi Grímsstaða. Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna verkefnið fyrir landeigendum í Meðallandi. Afgreiðslu umsóknarinnar frestað.

3. 1812002 Byggingarleyfi fyrir Hótel Klaustur, Klausturvegi 6.

Ask arkitektar sækja fyrir hönd Bæjar hf um að fá samþykktar aðalteikningar við viðbyggingu við núverandi hótél og breyta innra skipulagi eldri byggingar.

Skipulagsnefnd hafnar veitingu byggingarleyfisins þar sem ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið. Skipulagsnefnd leggur til að deiliskipulag verði unnið samhliða því deiliskipulagi sem nú er unnið að í tengslum við íþróttasvæði.

4. 1812003 Tillaga að friðlýsingu vatnasviðs Hólmsár í verndarflokki rammaáætlunar.

Umhverfisstofnun hefur lagt fram til kynningar tillögu að friðlýsingu vatnasviðs Hólmsár: 20 Hólmsárvirkjun við Einhyrning, með miðlun á grundvelli flokkunar svæðisins í verndarflokk í verndar- og orkunýtingaráætlunar, sbr. ályktun Alþingis nr. 13/141, frá 14. janúar 2013. Frestur til að skila athugasemdum er til og með 14. desember 2018.

Gústaf B. Pálsson

[Handwritten signature]

[Handwritten initials]

*Jón Hrafn Karlsson og Katrín Gunnarsdóttir óska bókunar;
Ekki er samræmi milli tillögunnar að friðlýsingu og svæði nr. 20 Hólmsárvirkjun við
Einhyrning sem fellur í verndarflokk í verndar- og orkunýtingaráætlun, sbr. ályktun
Alþingis nr. 13/141. Friðlýsingartillagan gengur lengra en gildandi rammaáætlun
gerir ráð fyrir.*

*Kristbjörg og Gústaf óska bókunar;
Við gerum ekki athugasemd við friðlýsingartillöguna og fögnum friðlýsingu á þessu
svæði.*

5. 1712009 Breyting á deiliskipulagi í Hólaskjóli

Kynnt hefur verið óveruleg breyting á deiliskipulagi í Lambaskarðshólum. Breytingin felst í minnkun deiliskipulagssvæðisins.

Deiliskipulagið samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu.

6. 1812004 Umsókn um stöðuleyfi Bær hf.

Bær hf. sækir um stöðuleyfi fyrir gám sem ætlaður er sem geymsla vegna viðhalds sem stendur yfir.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu leyfisins til eins árs. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

7. 1811002 Stöðuleyfi fyrir starfsmannabúðir.

Gísli Halldór Magnússon sækir um stöðuleyfi fyrir starfsmannabúðir á Ásum landnúmer 163301 vegna smíði nýrrar brúar yfir Eldvatn.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu leyfisins fyrir sitt leyti til eins árs og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

8. Umsókn Benedikts Lárussonar um skráningu nýrra fasteigna í fasteignaskrá.

Lagt fram til kynningar

Fundi slitið kl. 17:37

*K. B. A.
Kerstinbjörg A.
Jónhrafur Karlsson*